

12 eptir að hin nýju lög um aðflutningsgjald af tóbaki frá 22. septbr. s. á. öðluðust 29. janúargildi, hafi borið sig upp undan því, að ósanngjarnt væri að þeir greiddu toll eptir hinum hækkaða taxta, er hin nýju lög settu, þar sem þeir, er fengið hefðu vörur til Reykjavíkur með sama skipinu í sömu ferð þess frá útlöndum, borgi að eins hið lægra gjald eptir eldri lögnum. Hafið þjer því eptir beiðni áminnztra gjaldanda skotið til úrskurðar míns, hvað rjett sje í þessu tilliti, og jafnframt tekið það fram, að þjer hafið álitid, að gjaldið bæri að heimta eptir þeim lögum, sem giltu á móttökustað í gjalddaga, en gjalddaga teljið þjer eptir 2. gr. laganna, þá er varan er komin til viðtakanda. Hafið þjer því heimtað tollinn eptir hinum nýju lögum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar, að jeg fellst á álit yðar og aðgjörðir í þessu efni.

13

Reikningur

minningarsjóðs lector theologiæ Sigurðar Melsteðs.

1. Í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins í árslok 1898 sjá Stj tíð.	
1899, B. 54, bls.	kr. 428 08
2. Ársvextir 1899	— 17 12
Á vöxtum í Söfnunarsjóði í árslok 1899	kr. 445 20

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 6. febrúar 1900.

Magnús Stephensen.

Lausn frá embætti, embættiskipanir o. s. frv.

Embættisskipan.

13. janúar var cand. juris Halldór Bjarnason allramildilegast skipaður sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Oveitt embætti,

a. er ráðgjafinn fyrir Ísland sjer um veitingu á.

1. Seyðisfjarðarlæknishjarað. Árslaun 1900 kr.

Auglýst laust 13. janúar 1900. Umsóknarfrestur til 11. maí s. á.

2. Dalalæknishjarað. Árslaun 1500 kr.

Auglýst laust 13. janúar 1900. Umsóknarfrestur til 11. maí s. á.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsráskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skírteini fyrir því að þeir kunni íslenzka tungu.

b. Prestakall.

Saurbær á Hvalfjarðarströnd (Saurbæjar og Leirár sóknir). Lán hvílir á prestakallinu, tekið 1892 og 1893, upphaflega 2500 kr., er endurborgast á 20 árum með 125 kr. árlega auk vaxta. Uppgjafaprestur og prestsekkja fá eptirlaun af brauðinu samkvæmt lögum. Mat: 1338 kr. 62 au. Auglýst 31. janúar. Umsóknarfrestur til 18. marz. Veitist frá fardögum.